

## Viðskiptaafgangur var 63 ma.kr. á þriðja ársfjórðungi 2019 – hrein staða við útlönd jákvæð um 714 ma.kr.

Á þriðja ársfjórðungi 2019 var 63 ma.kr. afgangur á viðskiptajöfnuði við útlönd samanborið við 73,8 ma.kr. afgang á sama ársfjórðungi árið áður. Halli á vöruskiptajöfnuði var 45,9 ma.kr. en afgangur á þjónustujöfnuði<sup>1</sup> var 101,3 ma.kr. Frumþáttatekjur skiluðu 13,4 ma.kr. afgangi en rekstrarframlög 5,9 ma.kr. halla (sjá töflu).

Þetta kemur fram í nýbirtum upplýsingum á vef Seðlabanka Íslands sem sýna bráðabirgðayfirlit um greiðslujöfnuð við útlönd á þriðja ársfjórðungi 2019 og erlenda stöðu þjóðarbúsins í lok ársfjórðungsins.<sup>2</sup>

Samkvæmt bráðabirgðayfirlitinu námu erlendar eignir þjóðarbúsins 3.870 ma.kr. í lok ársfjórðungsins en skuldir 3.156 ma.kr. Hrein staða við útlönd var því jákvæð um 714 ma.kr. eða 24,5% af vergri landsframleiðslu (VLF) og batnaði um 91 ma.kr. eða 3,1% af VLF á fjórðungnum. Hrein fjármagnsviðskipti bættu erlenda stöðu þjóðarbúsins um 115 ma.kr. á fjórðungnum og munar þar mest um kaup innlendra aðila á erlendum verðbréfum sem námu um 80 ma.kr. Erlendar eignir jukust í heildina um 74 ma.kr. vegna fjármagnsviðskipta en skuldir lækkuðu um 40 ma.kr. Gengis- og verðbreytingar höfðu neikvæð áhrif á erlenda stöðu þjóðarbúsins um 6 ma.kr. Það skýrist aðallega af 4% hækkun á gengi krónunnar gagnvart helstu gjaldmiðlum miðað við gengisskráningarvog. Breytingar á erlendum verðbréfamörkuðum voru litlar á ársfjórðungnum eða rétt um 0,1% lækkun.

---

<sup>1</sup> [Sjá á vef Hagstofunnar.](#)

<sup>2</sup> Sjá töflur um greiðslujöfnuð og erlenda stöðu þjóðarbúsins í talnaefni í Hagtölum á [www.seðlabanki.is](http://www.seðlabanki.is)

**Tafla 1. Ársfjórðungslegur greiðslujöfnuður (ma.kr.)**

	<u>2018/3</u>	<u>2018/4</u>	<u>2019/1</u>	<u>2019/2</u>	<u>2019/3</u>
<b>Viðskiptajöfnuður</b>	<b>73,8</b>	<b>2,7</b>	<b>42,7</b>	<b>15,0</b>	<b>63,0</b>
Vöruskiptajöfnuður	-47,6	-37,6	2,7	-42,6	-45,9
Þjónustujöfnuður	123,4	36,3	29,6	51,4	101,3
Jöfnuður frumþáttatekna	3,9	11,1	17,4	13,1	13,4
Rekstrarframlög, nettó	-5,9	-7,1	-7,0	-6,9	-5,9
<b>Jöfnuður fjárframlaga</b>	<b>-0,3</b>	<b>-0,7</b>	<b>-0,4</b>	<b>-0,5</b>	<b>-0,4</b>
<b>Fjármagnsjöfnuður</b>	<b>88,7</b>	<b>36,2</b>	<b>87,4</b>	<b>29,1</b>	<b>114,8</b>
Bein fjárfesting	44,9	-6,6	23,4	25,5	7,6
Verðbréf	22,7	112,9	25,8	-27,6	107,4
Afleiður	-0,7	2,6	0,1	1,7	0,4
Önnur fjárfesting	21,4	-82,8	45,0	-34,8	-6,4
Gjaldeyrisforði	0,4	10,1	-7,0	64,3	5,7
<b>Skekkiur og vantalið, nettó</b>	<b>15,2</b>	<b>34,2</b>	<b>45,1</b>	<b>14,5</b>	<b>52,2</b>

**Tafla 2. Breyting á erlendra stöðu þjóðarbúsins á milli ársfjórðunga (ma.kr.)**

	Staða í lok 2019/2	Fjármagns- jöfnuður	Gengis- og verðbreytingar	Aðrar breytingar	Staða í lok 2019/3
<b>Erlendar eignir, alls</b>	<b>3.882</b>	<b>74</b>	<b>-83</b>	<b>-4</b>	<b>3.870</b>
Bein fjárfesting	823	16	-32	-3	804
Verðbréf	1.624	80	-11	0	1.693
Afleiður*	13	0	0	-1	11
Önnur fjárfesting	582	-28	-18	0	536
Gjaldeyrisforði	841	6	-21	0	826
<b>Erlendar skuldir, alls</b>	<b>3.259</b>	<b>-40</b>	<b>-77</b>	<b>14</b>	<b>3.156</b>
Bein fjárfesting	1.239	8	-21	5	1.232
Verðbréf	1.339	-27	-47	4	1.269
Afleiður*	6	0	-1	3	8
Önnur fjárfesting	675	-22	-8	2	647
<b>Hrein staða þjóðarbúsins</b>	<b>623</b>	<b>115</b>	<b>-6</b>	<b>-18</b>	<b>714</b>
<b>% af VLF</b>	<b>21,3%</b>	<b>3,9%</b>	<b>-0,2%</b>	<b>-0,6%</b>	<b>24,5%</b>

\*Aðrar breytingar eru taldar undir gengis- og verðbreytingum fyrir afleiður.

Nánari upplýsingar veitir Ríkarður Bergstað Ríkarðsson hjá gagnasöfnun og upplýsingavinnslu Seðlabanka Íslands í síma 569-9600.